

5. gr.

Í 12. gr. laganna falli niður tilvísanir til stafliða d.

6. gr.

a. Ákvæði d-liðs 1. málsg. 14. gr. laganna falli niður.

b. Á eftir 1. málsg. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um skipstjóraréttindi samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

7. gr.

a. Ákvæði d-liðs 16. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við sömu lagagr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um stýrimannaskírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

8. gr.

Í 23. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

9. gr.

Í 25. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

10. gr.

Í 27. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

11. gr.

a. Í 29. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

b. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svofelld:

Heimilt er að synja manni um skírteini samkvæmt 1. málsgrein, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

12. gr.

Í 32. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

13. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

14. gr.

Í 36. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

15. gr.

Í 38. gr. laganna falli niður ákvæði e-liðs.

16. gr.

Í 40. gr. laganna falli niður ákvæði d-liðs.

17. gr.

Í 42. gr. laganna falli niður ákvæði c-liðs.

18. gr.

Í 44. gr. laganna falli niður ákvæði b-liðs.

52. gr. laganna falli niður. 19. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. 20. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er fjallað um atvinnuréttindi við siglingar. Meginreglan er sú samkvæmt frv., að óflekkað mannorð skiptir engu máli við þessi réttindi, og er ekki lagt til, að refsidómur geti tálmað því, að maður fái slík réttindi. Frá þessu vikur þó um hin mikilvægustu réttindi þessarar tegundar, sbr. 14., 16. og 29. gr. laganna (6., 7. og 11. gr. frv.). Um þau er horfið frá kröfu um óflekkað mannorð, en í stað þess kemur tilvísun til ákvæða 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga með sama hætti og gert er í frv. um breytingu á lögum um niðurjöfnunarmenn sjóttjóns o. fl. lögum.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þeirri endurskoðun, sem hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 218, 1957.